

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 4. janúar, 2023.

Fyrirlesari: Stefán Jón Hafstein

Efni: „Heimurinn eins og hann er“.

Mættir: 57 félagsmenn og nokkrir markar.

Formaður setti fund eftir að sigrast hafði verið á tækniörðugleikum kl. 16:15 og minntist í upphafi tveggja lækna sem hafa látist frá síðasta fundi, þeirra Þorsteins Svörfuðar Stefánssonar og Sylvíu Bjargar Runólfsdóttur. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár og formaður kynnti fyrirlesara.

Myndin sem Stefán Jón dregur upp af heiminum er ekki beinlínis uppörvandi. Við lifum á mannöld. Upp úr 1970 hófst hröðunin mikla og síðann hefur orðið ferföld aukning á þeim þáttum sem mestu máli skipta fyrir líf manna á jörðinni, þ.á.m. fólksfjölda, koltvísýringi, eyðingu tegunda, eyðingu skóga, súrnun hafa. Öll þessi kerfi tengjast, þessu hafði Leonardo da Vinci áttað sig á fyrir meira en 500 árum en Lenin sá það líka. Ójöfnuður í heiminum fer sívaxandi og auðjöfrar eru að yfirtaka lýðveldið. Stefán starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna í Róm og það er honum innblástur til að spegla nútímamann í sögu Rómaveldis sem endaði á að eyðast innanfrá. En Rómaveldi stóð um aldir og var verðleikasamfélag. Á tímum Markúsar Árelíusar þróuðust þar dyggðastjórnmál. Tíminn er orðinn naumur til að takast á við stærsta verkefni mannkyns til þessa. Hvað er þá til bjargar? Maðurinn hefur takmarkalausa sköpunargáfu!

Að svo mæltu var orðið gefið laust og næsta hálf tímamann var margt spáð og spekulerað. Það er komið að vendipunkti, fjöldi fólks fer á vergang, hungursneyðir verða stærri, næringargildi matvæla minnkar við ræktun í vaxandi hita. En - sköpunarkrafturinn - hvernig virkjaðist hann á endurreisnartímanum og upplýsingaöld? Frjálsslyndi er nauðsynlegt. Því er spáð að fólki muni ekki fjölga umfram 9 milljarða, en þar er líka ójöfnuður, því að fjölgunin verður mest þar sem fátækt er mest. Hlýnunin verður ekki jöfn og kemur verst niður á þeim svæðum jarðar sem þegar eru verst stödd. Á okkar slóðum verðum við vör við að nytjastofnar færast til. En það hafa alltaf verið sveiflur og kerfin aðlagast og leita jafnvægis, en breytingar hafa aldrei gerst eins hratt og nú. Það verður enginn allsherjar alheimslausn, en það er margt að gerast og Stefán er ekki svartsýnn. T.d. er hægt að fara neðar í fæðukeðjuna í matvælaframleiðslu. Í lokaorðum sá hann fyrir sér að senda þessa 2000 auðjöfra sem eiga meira en allir aðrir til Mars með stofnfrumukjöt í nesti!

Fleira gerðist ekki og formaður sleit fundi kl. 17:15.

Helga M. Ögmundsdóttir